



HVERAGERÐISBÆR

Hveragerðisbær óskar eftir:

Forstöðumanni í frístundaskóla og félagsmiðstöð

Óskað er eftir drifandi, hugmyndaríkum og ábyrgum einstaklingi í 100% stöðu til að leiða starf barna og unglinga í Hveragerði.

Í starfinu felst eftirfarandi:

- Hafa yfirumsjón með frístundaskóla grunnskólans en þar er veitt þjónusta fyrir börn í 1.-4. bekk eftir að skóla lýkur á daginn. Hlutverk frístundaskólans er að skapa yngstu nemendum grunnskólans tryggan samverustað eftir að skóla lýkur þar sem tekið er þátt í skipulögðum tómstundum, frjálsum leik úti og inni og hvíld.
- Hafa yfirumsjón með starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Skjálftaskjól. Í félagsmiðstöðinni er boðið upp á félagsstarf fyrir börn og unglinga á aldrinum 10-16 ára í frítíma þeirra. Lögð er áhersla á að ná til sem flestra og bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni. Félagsmiðstöðin hefur verið opin tvisvar í viku.
- Taka þátt í stefnumótun til framtíðar í málaflokknum og leiða uppbyggingu og skipulagningu starfseminnar í nýjum húsakynnum sem flutt verður í á haustmánuðum 2017.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði tómstunda- og félagsmálafræði, uppeldismenntun eða sambærileg menntun er æskileg.
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Reynsla af starfi með börnum og /eða unglingum er skilyrði
- Skipulögð, sjálfstæð og fagleg vinnubrögð ásamt framúrskarandi samskiptahæfni er skilyrði
- Almenn tölvukunnátta er skilyrði
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur Hveragerðisbæjar

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sævar Þór Helgason, skólastjóri Grunnskólans í Hveragerði í síma 660 3906, saevar@hveragerdi.is og Jóhanna Margrét Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi í síma 660 3911, jmh@hveragerdi.is.

***Umsóknir sendist til Hveragerðisbæjar,
Sunnmörk 2, 810 Hveragerði fyrir 18. júlí 2017.***

